Kynlíf

Íslendingar sannlútherskir

Íslensk pör gera það 8 sinnum í mánuði. Karlar ánægðari í hjónabandi en konur. 10% karla og 8% kvenna halda framhjá. 48% karla vilja fá það oftar

Það sakar hvorki mig né þig að gera það tvisvar í viku," sagði Lúther við nunnu þá sem hann tók úr klaustri og kvæntist. Þetta virðast Íslendingar halda í heiðri því meðaljónan og meðaljóninn gera það að jafnaði 8 sinnum í mánuði, eða tvisvar í viku.

Þetta kemur fram í könnun sem þau Sigrún Júlíusdóttir og Gylfi Ásmundsson hafa gert á íslenskum fjölskyldum. Niðurstöðurnar birtast í bók sem ber heitið „Kærlighed og Ligestilling" og er gefin út af norrænu ráðherranefndinni.

Reyndar er ekki alveg samræmi á milli þess hversu oft íslenskir karlar og íslenskar konur gera það, því konurnar gera það 8 sinnum á mánuði en karlarnir 8,41 sinni. Munurinn kann að felast í því að körlum hættir til að ýkja samfaratíðnina, að sögn höfunda könnunarinnar.

Spurningalisti var sendur til 223 para en 113 svöruðu, eða 50,7%. Meðalaldur karlanna var 36,5 ár en kvennanna 35,2 ár. 90% paranna voru gift en 10% í sambúð. Meðalfjöldi barna á heimilunum var 2,6. 6,5% karlanna höfðu áður verið giftir eða í sambúð en 10,6% kvennanna. 95% karlanna og 83% kvennanna hafa framhaldsmenntun eftir grunnskóla, þar af eru 31,5% karlanna og 24,3% kvennanna með háskólamenntun. 50% paranna búa í einbýlishúsum og er meðalstærð íbúðanna tæpir 150 fermetrar.

Könnunin tekur til ýmissa þátta í samlífi karls og konu; barnauppeldis, atvinnu, frítíma o.fl. Þegar spurt er um áhrif barns á samband parsins þá er rúmlega helmingur paranna á því að þau séu jákvæð en krefjandi, konum virðast þó finnast börnin ívið meira krefjandi en körlunum. Hinsvegar finnst engum börnin eingöngu hafa neikvæð áhrif á sambandið.

81% karla og 76% kvenna finnst frítíminn með fjölskyldunni ekki nægilegur.

37% karla og 33% kvenna hafa hugleitt skilnað en einungis 32% karla og 4,8% kvenna hafa skilið við maka sinn.

Þrátt fyrir að rúmlega þriðjungur hafi hugleitt skilnað virðast framhjáhöld ekki vera mjög algeng. Tæp 10% karla og tæp 8% kvenna hafa haldið framhjá maka sínum, enda kemur í ljós að langflestir eru yfirleitt mjög ánægðir með hjónabandið, karlarnir þó ánægðari eða tæp 80% þeirra en tæp 69% kvennanna.

Langflest pörin virðast samstiga í kynlífinu, eða rúm 95% af báðum kynjum segjast vera það. 7,3% kvenna finnst þær þó hafa samfarir óþarflega oft en enginn karlanna er þeirrar skoðunar. 48% karla vilja fá það oftar en þeir fá það og 10% kvenna virðast ekki fá það nógu oft. Langflestar konurnar, eða 82,6%, virðast sáttar við tíðni samfaranna og 52% karlanna sömuleiðis.

Meirihluti karlanna og kvennanna eru þeirrar skoðunar að blíða og hlýja séu mikilvægust við kynlíf eða 51% karla og 73,8% kvenna. Næstflestir eru þeirrar skoðunar að líkamleg nálægð skipti mestu máli, 34,7% karla og 22,1% kvenna. Sjálfar samfarirnar eru í neðsta sæti en 33,3% karlanna eru á því að þær skipti mestu máli en einungis 9,5% kvennanna.

Innan við helmingur paranna virðist mjög ánægður með kynlífið, 45,5% karlanna og 48,2% kvennanna. Mun færri eru þeirrar skoðunar að makinn sé ánægður með kynlífið, 36% karlanna og tæp 34% kvennanna.

Tæplega 98% karlanna telja sig ætíð hafa frumkvæði við samfarir en tæplega 39% kvennanna er á því að þær hafi frumkvæðið. Konurnar virðast ekki eins opnar og karlarnir að tjá sig um hvað þær vilja í kynlífi. 73% karlanna segjast tjá það en 69% kvennanna. Þá segjast karlarnir oftar koma til móts við óskir makans en konurnar eða 94,7 karlanna en 84,1% kvennanna. Þá kom í ljós að 3,1% karlanna telja sig þvingaða til að gera eitthvað sem þeir vilja ekki gera en einungis 0,9% kvennanna eru sömu skoðunar.

–Sáf

Vígbúnaður

Vopnum fækkar en styrkurinn eykst

Í skýrslu sem Grænfriðungar gáfu út í gær kom fram að kjarnorkuvopnum á höfum úti fer fækkandi en hinsvegar hefur styrkleiki þeirra aukist, þ.e. eyðingarmátturinn.

Á sama tíma og herskipum fer fækkandi stækka þau og hæfileiki þeirra til að standa í stríðsrekstri um langa vegu eykst. Sérstaklega hefur notkun á kjarnorku til að knýja skipin aukist sem og kjarnorkuvopnin sjálf, segir í skýrslunni.

Þar segir líka að þessi breyting sé augljósust í bandarískra sjóhernum. Þar hafi áður verið lögð áhersla á að halda sjóleiðum opnum og að berjast við sovéska sjóherinn. Nú hefur sjóherinn hinsvegar frekar það markmið að geta hafið árás á land með langdrægum kjarnorkuvopnum og öðrum flugskeytum. Skotmörkin eru ekki lengur önnur herskip heldur hernaðarlega mikilvægir staðir á landi.

Sveigjanleiki sjóherja heimsins kemur vel fram í Persaflóadeilunni, sagði William M. Arkin, annar höfundur skýrslunnar. Að minnsta kosti 20 skip á flóanum hafa kjarnorkuvopn innanborðs. Þetta eru skip frá Sovétríkjunum, Englandi, Frakklandi og Bandaríkjunum. Um borð eru um það bil 450 kjarnavopn.

–gpm

Ráðstefna

Bókfræði í nútíð og framtíð

Að frumkvæði Háskólans á Akureyri verður haldin ráðstefna dagana 21.-22. september, þar sem fjallað verður um Íslensk bókfræði í nútíð og framtíð.

Í fréttatilkynningu sem aðstandendur ráðstefnunnar hafa sent frá sér segir að mikill skortur sé á íslenskum bókfræðiverkum. En svo eru kölluð rit sem geyma upplýsingar um hvað eina sem skrifað hefur verði af vísindagreinum og öðru því sem merkilegt getur talist.

Þess konar rit eru síðan notuð til að leita heimilda um ýms mál.

Á ráðstefnunni, sem haldin verður á Akureyri, er ætlunin að kanna stöðu bókfræði á Íslandi. Sérstök áhersla verður lögð á umfjöllun um tölvunotkun við bókfræðivinnu og miðlun bókfræðiefna.

Ráðstefnan er opin öllum áhugamönnum um bókfræði.

Kjarvalsstaðir

Stærri og smærri skúlptúrar


Kristinn E. Hrafnsson myndhöggvari opnar fyrstu einkasýninguna

Í dag kl. 14 opnar Kristinn E. Hrafnsson sína fyrstu einkasýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Á sýningunni gefur að líta þrjátíu stærri og smærri myndverk, öll unnin á þessu ári.

Kristinn er Norðlendingur, fæddur miðsumars árið 1960. Hann stundaði nám í Myndlistaskóla Akureyrar um eins árs skeið, en hélt síðan suður til náms í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Að námi loknu sigldi Kristinn til Þýskalands og nam í München hjá Eduardo Paolozzi, eins af upphafsmönnum popplistar í skúlptúr. Nýlega varð Kristinn hlutskarpastur í samkeppni um listaverk framan við Borgarleikhúsið. Síðastliðið vor tók hann við formennsku Myndhöggvarafélagsins.

Við opnunina á morgun frumflytur Örn Magnússon pínóleikari pínósónötu í þremur þáttum eftir Ríkharð H. Friðriksson.

Sýningin stendur yfir til síðasta dags septembermánaðar og er opin frá kl. 11 árdegis til 18 síð-



Kristinn E. Hrafnsson myndhöggvari á Kjarvalsstöðum. Mynd: Jim Smart.

Fasteignir


Fasteignaverð lækkar

Fasteignaverð í Reykjavík hefur lækkað um 7,4% á einu ári. Steinarr Höskuldsson: Tengist kaupgetu fólks og framboði á lánsfé

Fasteignaverð í Reykjavík hefur lækkað um 7,4% frá fyrsta ársfjórðungi 1989 til fyrsta ársfjórðungs þessa árs.

Á fjórða ársfjórðungi síðasta árs fór að gæta lækkunar fasteignaverðs í Reykjavík og lækkaði verðið þá um 2%. Með tilliti til verðlagsþróunar, lækkaði fasteignaverð um 3,75% frá fjórða ársfjórðungi síðasta árs til fyrsta ársfjórðung þessa árs. Þetta kemur fram í Markaðsfréttum, fréttabréfi Fasteignamats ríkisins.

Steinarr Höskuldsson hjá Fasteignamati ríkisins segist telja þessa lækkun fasteignaverðs hluta af eðlilegri sveiflu. „Við teljum að kaupgeta fólks og framboð á lánsfé ráði fasteignaverðinu fyrst og fremst," sagði Steinarr.



Samkvæmt niðurstöðum kjararannsóknarnefndar hefði kaupmáttur taxtakaups rýrnað um 10% á sama tímabili og fasteignaverð hefur lækkað um 7,4%.

Þessi lækkun fasteignaverðsins kom af þessum sökum ekki á óvart, að sögn Steinarrs. Útborgunarhlutfall við íbúðarkaup hefur einnig lækkað, sem Steinarr sagði að sama skapi eðlilegt. Útborgunarhlutfallið hefði lækkað mest í minnstu íbúðunum og væri nú komið í 65,2%. Frumbréf í húsbréfakerfinu teldust í þessu samhengi ekki til útborgunar, en ætla mætti að minnstu íbúðirnar væru keyptar af fólki sem er að kaupa sér íbúð í fyrsta skipti og hefði því ekki húsbréf í höndunum. Útborgunarhlutfall stærstu íbúðanna er enn mjög hátt, eða 73,5 – 79,1% fyrir fjögurra til fimm herbergja íbúðir.

Steinarr sagðist reikna með að fasteignaverð ætti ekki eftir að lækka frekar. Þegar líða tæki á þetta ár og í byrjun þess næsta megi búast við að verðið fari aftur upp á við.

–hmp

Sjálfsbjörg

Þjóðfélag án þröskulda

Selur endurskinsmerki til að afla fé fyrir endurhæfingaríbúð

Um næstu helgi verða endurskinsmerki með áletruninni „Þjóðfélag án þröskulda" boðin til sölu um land allt, sem og blað Sjálfsbjargar til styrktar framgangi baráttumála fatlaðra í landinu.

Sjálfsbjargarfélagar hyggjast nú koma upp endurhæfingaríbúð í Sjálfsbjargarhúsinu, en hún er nauðsynlegur þáttur í endurhæfingu fatlaðra á leið þeirra út í þjóðfélagið. Í íbúðinni verður komið fyrir sérstökum færanlegum innréttingum ásamt hjálpar- og kennslutækjum sem kosta mikið fé. Með merkja- og blaðakaupum geta landsmenn því sýnt í verki stuðning sinn við störf Sjálfsbjargar

-vd.